# FRAMKVÆMD STYRKJAREGLNA 2018

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

*Greinargerð til borgarráðs • R19010405*

# Efnisyfirlit

INNGANGUR ........ 2
YFIRLIT YFIR STYRKI OG SAMNINGA ........ 3
HELSTU ÁBENDINGAR FJÁRMÁLASKRIFSTOFU ........ 6

## INNGANGUR

Borgarráð samþykkti hinn 15. mars 2012 nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki, samstarfssamninga og þjónustusamninga og markmið, skilgreiningar og formreglur sem þar eru settar fram um styrkveitingar og gerð þessara samninga. Tilgangurinn var með setningu reglnanna var að samræma meðferð styrkveitinga hjá Reykjavíkurborg og um leið að skapa tækifæri til bættrar upplýsingagjafar og eftirlits. Gert var ráð fyrir að styrkjareglur fagráða yrðu aðlagaðar þessum reglum þannig að fulls samræmis væri gætt. Með nýju styrkjareglunum var líka gerð sú breyting að einungis má gera bindandi styrkjasamninga til eins árs byggða á fjárheimildum fjárhagsáætlunar. Eigi styrkur eða samningur að standa til lengri tíma ber að gera fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt síðari fjárhagsáætlunum. Þetta er meginregla hjá ríkinu. Þá er gert ráð fyrir að styrkjaafgreiðslum fagráða sé lokið eigi síðar en í lok janúar ár hvert.

Í samræmi við styrkjareglurnar skal fjármálaskrifstofa árlega taka saman greinargerð fyrir borgarráð um styrkveitingar, samstarfssamninga og þjónustusamninga og hvernig til hefur tekist að ná markmiðum borgarinnar. Greinargerð þessi byggir annars vegar á gögnum úr fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar (Agresso) og hins vegar á svörum sviðsstjóra við fyrirspurnum fjármálaskrifstofu um framkvæmdina. Vert er að benda á það að FMS bárust einungis svör um framkvæmd styrkjareglna 2018 frá ÍTR, SFS, MAR, MOF og SBB þrátt fyrir ítrekanir.

Árið 2018 er sjötta heila árið sem reglurnar gilda. Undanfarin ár hefur verið unnið að ýmsum minniháttar umbótum eftir því sem reynslan hefur kallað á. Almennt er framkvæmd á upphaflegum styrkjareglum komin í gott horf og unnið hefur verið ötullega á öllum sviðum að fullnægja þeim kröfum og formreglum sem settar voru með styrkjareglunum.

Breytingar sem gerðar voru á reglunum með samþykkt borgarráðs 26. maí 2016 þar sem gerðar voru kröfur um kyngreind gögn hafa ekki komið til framkvæmda alls staðar eða ekki vitað um hvort allar breytingar hafi komið til framkvæmda þar sem svör skortir frá nokkrum sviðum.

Reykjavík, 7.apríl 2019

*Birgir Björn Sigurjónsson,*
fjármálastjóri

# YFIRLIT YFIR STYRKI OG SAMNINGA

Í meðfylgjandi yfirlitum eru teknar saman samtölur styrkja, samstarfssamninga og þjónustusamninga eftir sviðum. Litið er á samninga við íþróttafélög sem samstarfssamninga og samninga við einkarekna leik- og grunnskóla sem þjónustusamninga. Samningar við Strætó bs, Sorpu bs, og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins eru flokkaðir sem þjónustusamningar en þeir falla ekki undir þessar reglur. Jafnframt eru tekin saman óafturkræf stofnframlög en þau komu fram í skýrslu FMS 2017 kr. 673,7 millj. en höfðu ekki fram að því komið fyrir áður við vinnslu samantektar um styrki og samninga. Engin slík stofnframlög voru á árinu 2018 sem ruglar samanburð milli ára og ber að hafa í huga við samanburð.

Jafnframt fylgja með samtölur yfir styrkveitingar í formi fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta en þessar styrkveitingar eru undanþegnar styrkjareglum enda gilda sérreglur um þær.

Greitt var á grundvelli mörg hundruð samninga á árinu 2017 sem nánast allir eru skannaðir í Agresso. Alls hafa yfir 3.500 samningar verið skráðir í Agresso frá upphafi í fjárhagsbókhaldskerfi borgarinnar frá því byrjað var að vinna efir ofangreindum reglum,

### Styrkir á árinu 2018

Alls voru greiddar um 999,1 mkr vegna styrkveitinga og skiptust styrkfjárhæðir þannig eftir sviðum/ málaflokkum:

| STYRKIR Á ÁRINU 2018 | |
|---|---|
| **Svið** | **Styrkfjárhæðir 2018** |
| Íþrótta- og tómstundasvið | 186.102.205 |
| | |
| Menningar- og ferðamálasvið | 358.011.202 |
| Mannréttindaskrifstofa | 10.826.000 |
| Skóla- og frístundasvið | 35.625.952 |
| Umhverfis- og skipulagssvið | 28.365.400 |
| Velferðarsvið | 214.408.705 |
| Borgarráð; styrkir og samn. ÖNN | 165.724.091 |
| **Samtals** | **999.063.555** |



## Samstarfssamningar á árinu 2018

Alls voru greiddar tæpar 7.382,5 mkr vegna samstarfssamninga á árinu 2018 og skiptust samningsfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum.

**SAMSTARFSSAMNINGA Á ÁRINU 2018**

| Svið | Samn.fjárhæðir 2018 |
|---|---|
| Íþrótta- og tómstundasvið | 2.864.877.092 |
| Menningar- og ferðamálasvið | 2.009.066.867 |
| Mannréttindaskrifstofa | 0 |
| Skrifstofa borgarstjórnar | 34.355.900 |
| Skóla- og frístundasvið | 1.437.161.044 |
| Umhverfis- og skipulagssvið RK | 555.001.697 |
| Velferðarsvið | 482.020.361 |
| Borgarráð | 0 |
| **Samtals** | **7.382.482.961** |




## Þjónustusamningar á árinu 2018

Alls voru greiddar um 9.242,2 mkr vegna þjónustusamninga og skiptust samningsfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum:

| ÞJÓNUSTUSAMNINGA Á ÁRINU 2018 | |
|---|---|
| | |
| **Svið** | **Samn.fjárhæðir 2018** |
| Íþrótta- og tómstundasvið | 3.000.000 |
| Skóla- og frístundasvið | 3.626.590.218 |
| Velferðarsvið | 2.505.491.015 |
| Samningar við Strætó, Sorpu og S | 3.107.122.913 |
| **Samtals** | **9.242.204.146** |
| | |
| Óafturkræf stofnframlög | **0** |
| Fjárhagsaðstoð ofl. VEL | **2.257.853.266** |
| **Samtals** | **2.257.853.266** |




Samningsbundnar greiðslur (framlög) vegna Strætó bs, Sorpu bs og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs eru flokkaðar hér með þjónustusamningum en falla ekki undir ofangreindar reglur.

## Aðrir styrkir/samningar áður ótaldir

Greiðslur vegna velferðarmála á árinu 2018 vegna fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta heyra ekki undir þessar reglur en námu 2.257,9 mkr.

Óafturkræf stofnframlög 2017 voru kr. 673,7 millj. og voru eru flokkuð undir þjónustusamninga slík framlög höfðu ekki átt sér stað áður og engin slík framlög voru veitt árið 2017.

## Heildargreiðslur á árinu 2018

Heildargreiðslur á árinu 2018 vegna styrkja, samstarfssamninga og þjónustusamninga auk styrkveitinga vegna velferðarmála, styrkja vegna innri leigu ofl. námu 19.881,6 mkr. og hækkuðu um 0,26% frá árinu 2017. Tekið skal fram aftur að óafturkræf stofnframlög á árinu 2017 námu 673.7 millj. kr. Ef þau eru tekin frá heildargreiðslum 2017 þá hefði hækkun milli ára verið um 3.8%.

| STYRKIR OG SAMNINGAR Á ÁRINU 2018 | |
|---|---|
| **Svið** | **Samn.fjárhæðir 2018** |
| Íþrótta- og tómstundasvið | 3.053.979.297 |
| Menningar- og ferðamálasvið | 2.367.078.069 |
| Mannréttindaskrifstofa | 10.826.000 |
| Skóla- og frístundasvið | 5.099.377.214 |
| Umhverfis- og skipulagssvið | 583.367.097 |
| Velferðarsvið | 5.459.773.347 |
| Borgarráð; styrkir og samningsb. | 3.307.202.904 |
| Óafturkræf stofnframlög | 0 |
| **Samtals** | **19.881.603.928** |

## HELSTU ÁBENDINGAR FJÁRMÁLASKRIFSTOFU

Fjármálaskrifstofa sendi ítarlegan spurningarlista til sviða vegna framkvæmd styrkjareglna árið 2018. Það er ljóst að mjög miklar breytingar hafa átt sér stað undanfarin ár og það er mat fjármálaskrifstofu að skýrar markmiðssetningar, skilgreiningar og formreglur um styrkveitingar, gerð samstarfsamninga og gerð þjónustusamninga í styrkjahandbókinni hafi skapað nýjan og traustari grunn fyrir samræmdri málsmeðferð hjá Reykjavíkurborg og meðhöndlun samninga hjá sviðum og skrifstofum hefur orðið mikil, aðgengileiki að gögnum er gjörbreyttur og eftirlit.

Allir samningar eru skráðir í Agresso svo og ábyrgðaraðilar þeirra. Hér er ein meginbreytingin sem orðið hefur með þeim reglum sem tóku gildi 2012. Aðgengileiki samninga, skráning, gildistími ofl. eru nú undantekningarlaust í Agresso. Athugasemdir sem gerðar hafa verið undanfarin ár varðandi gildistíma örfárra samninga virðist alls staðar hafa verið leiðréttur. Bent var á að leiðrétta þyrfti gildistíma á nokkrum samningum við vinnslu þessarar skýrslu sem leiðréttir hafa verið. Í sumum tilvikum var um innsláttarvillur að ræða sem búið er að lagfæra.

Góð vinnubrögð, verklag og utanumhald einkennir framkvæmd styrkjareglna og meðhöndlun samninga hjá sviðum og skrifstofum og hefur orðið mikil breyting á fáum árum. Af þessu leiðir að aðgengileiki að gögnum er gjörbreyttur og eftirlit sömuleiðis. Áframhaldandi þróun að þessu leyti mun leiða til enn betri upplýsingagjafar. Þannig virðist megintilgangur nýrra reglna um styrkjamálin hafa gengið eftir.

Ekki liggur ljóst fyrir hvort öll svið hafi innleitt breytingar á reglum um kyngreind gögn sem samþykkt var í borgarráði 26.maí 2016.

Mikilvægt er að vinna við aðgengileika upplýsinga varðandi styrki á upplýsingasíðum Reykjavíkurborgar sé meiri en er í dag. Einnig að umsóknarferli verið samræmt og einfaldað. Hafin er undirbúningur á þessu verkefni hjá UTD og SBB

Skoða þarf að mati fjármálaskrifstofu úthlutun úr hverfasjóðum og styrki sem afgreiddir eru í gegnum Borgarráð. Þar þarf að mati fjármálaskrifstofu meiri formfestu en er í dag.

Rétt er að benda á að fjármálaskrifstofu bárust einungis svör frá ÍTR, SFS, MAR, MOF og SBB varðandi framkvæmd styrkjareglna 2018 þrátt fyrir ítrekanir.

